

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2021

## **Efni: Frumvarp til laga um stafrænt pósthólf í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda (625. mál)**

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um stafrænt pósthólf í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda og fagnar þeirri stefnumörkun stjórnvalda að gera þjónustu hins opinbera stafræna sem kostur er. Ráðið fagnar því sérstaklega að eyða skuli vafa um réttaráhrif birtingar upplýsinga í pósthólfinu, sem getur flýtt verulega fyrir því að pósthólfið þjóni hlutverki sínu sem miðlæg upplýsingagátt. Umsögn þessi er að mestu sambærileg þeirri sem Viðskiptaráð lagði inn í samráðsgátt stjórnvalda 7. desember sl., en ráðið styður stafvæðingu opinberrar þjónustu heilshugar. Sjá þó umfjöllun um 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins hér að neðan.

### **Ísland í dauðafæri**

Stafræn vegferð stjórnvalda hér á landi byggist að hluta til á þeim aðferðum sem Eistar hafa tileinkað sér, en Eistland er meðal helstu fyrirmyndarríkja í stafrænni þjónustu hins opinbera. Fyrir rúmlega tuttugu árum skilgreindu Eistar sig sem stafrænt ríki og verma nú 3. sæti lista Sameinuðu þjóðanna um stöðu stafrænnar opinberrar þjónustu og stjórnsýslu (e. E-Government Development Index eða EGDI).<sup>1</sup> Íslendingar ættu að stefna í sömu átt enda í dauðafæri til að tileinka sér stafræna tækni í opinberri þjónustu líkt og Viðskiptaráð hefur áður bent á; notkun internetsins er mikil í öllum aldurshópum hér á landi og innviðir til þess góðir, svo eitthvað sé nefnt.<sup>2</sup>

Enn stendur Ísland þó mörgum samanburðarþjóðum að baki í þróun stafrænnar þjónustu á vegum hins opinbera. Þannig eru Norðurlöndin, að Noregi undanskildum, ofar á fyrrnefndum lista Sameinuðu þjóðanna en Ísland sem vermir 12. sætið. Í þessu sambandi vekur þó athygli að Ísland hefur farið upp um sjö sæti frá árinu 2018 og því verður ekki annað séð en að hér á landi hafi nokkrar framfarir átt sér stað á undanförunum árum.

### **Ávinningurinn skili sér sem fyrst**

Líkur standa til þess að um 3-5 ma.kr. geti sparast á ári í framhaldi af stafrænu breytingarferli stjórnvalda þegar markmiðum þriggja ára áætlunar Stafræns Íslands um stafræna umbyltingu

<sup>1</sup> Sjá vef Sameinuðu þjóðanna: <https://publicadministration.un.org/egovkb/Data-Center>.


<sup>2</sup> Sjá myndband frá Viðskiptaþingi 2018: <https://youtu.be/iowpjZQ1y8E>.

er náð árið 2022.<sup>3</sup> Ljóst er að ávinningur af stafræðingu opinberrar þjónustu er mikill, hvort tveggja fyrir hið opinbera og þá sem þurfa að eiga í samskiptum við opinberar stofnanir.

Í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsdraganna er miðað við að birting verði stafræn eigi síðar en 1. janúar 2025. Að mati Viðskiptaráðs er eðlilegt að stofnunum sé gefinn einhver aðlögunarfrestur og í umsögn ráðsins í samráðsgátt var bent á að aðlögunartíminn væri of langur, ekki síst í ljósi þess að í frumvarpsdrögum kemur fram að ætla megi að breytt fyrirkomulag við birtingar hafi að lokum í för með sér hagræðingu fyrir ríkissjóð upp á 300-700 milljónir króna á hverju ári, að ótalinni hagræðingu hjá sveitarfélögum. Af greinargerð með frumvarpsdrögum væri ekki fyllilega ljóst hvers vegna svo langur tími væri gefinn til að taka upp stafrænar birtingar eða hvernig þjónustu verður forgangsraðað í þessu tilliti.

Af greinargerðinni má ráða að við þessu hafi verið brugðist, þ.e.a.s. með heimild til þess að víkja frá almennri skyldu til birtingar og kosti á því að innleiða skyldu til birtingar í áföngum. Að mati ráðsins er mikilvægt að þessi heimild nýtist í þágu þeirra sem mestan hag hafa af birtingum í stafræna pósthólfinu, með hliðsjón af hagsmunum skattgreiðenda og þeirra sem pósthólfið nýta með beinum hætti. Í þessu samhengi ítrekar Viðskiptaráð athugasemd sína um að forgangsraðað verði sem kostur er eftir umfangi birtinga viðkomandi stofana og áhrifum starfsemi viðkomandi stofnunar á líf og störf borgaranna. Þá er mikilvægt að skýrt verði sem kostur er hvernig forgangsraðað verði í þessu tilliti.

**Viðskiptaráð styður að frumvarpið nái fram að ganga, að tilliti teknu til fyrrgreindra athugasemda.**



Jón Birgir Eiríksson

Sérfræðingur á lögfræðisviði Viðskiptaráðs Íslands

---

<sup>3</sup> Sjá kynningu Andra Heiðars Kristinssonar, stafræns leiðtoga í fjármála- og efnahagsráðuneytinu: [https://www.si.is/media/\\_eplica-uppsetning/Upplýsingafundur-SUT-26.05.20.pdf](https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Upplýsingafundur-SUT-26.05.20.pdf).